Afnám tilvísanaskyldu

Nýtt fyrirkomulag frá 1.nóvember 2026 (uppfært)

Aðdragandi breytinga

- Breytingin var fyrst auglýst þann 20. október 2025
- Upphaflega stóð til að hún tæki gildi 1. apríl 2026.
- Tafir vegna forritunar og faglegrar útfærslu
- Ný dagsetning var ákveðin 1.október 2026
- Frestast til 12.október 2026
- UPPFÆRT – FRESTAST TIL 1.NÓVEMBER

Hvað felur ný reglugerð í för með sér

Tilvísun læknis/sjúkraþjálfara verður ekki lengur forsenda greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í meðferð umfram 6x skipti

- Mikilvægt skref – viðurkenning á sérþekkingu sjúkraþjálfara
- Styður við beint aðgengi
- Einfalda ferla og minnka sóun og óþarfa umsýslu í heilbrigðiskerfinu
- Styðja við faglega gagnaöflun á nýtanlegu formi

1 Tilvísun fellur út

Skjólstæðingur þarf ekki lengur tilvísun til að hefja umfram 6x meðferðarskipti

2 Skráning snemma

ICD-greining, ástæða meðferðar og tegund þjálfunar skráð í upphafi meðferðartímabils (eftir tíma 3x)

3 9 meðferðarskipti

Ef skjólstæðingur þarf fleiri heldur en 9x meðferðarskipti er sótt um viðbótarmeðferðarskipti sem greitt er fyrir.

Mikilvægt: gott samstarf og upplýsingagjöf við aðra heilbrigðisstarfsmenn helst áfram

Nýtt ferli – svona lítur það út

Helstu skref frá fyrstu komu til viðbótarmeðferðar

1. **Upphaf** — Mat og meðferð hefst.
2. **Fyrir 4. komu** — ICD-greining + ástæða meðferðar + tegund þjálfunar skráð.
3. **Sjálfvirk heimild** — Allt að 9 meðferðarskipti.
4. **Eftir 9 skipti** — Ef áframhaldandi meðferð er nauðsynleg → umsókn um viðbótarmeðferð.

Langtímaumsóknir: sambærilegt fyrirkomulag og nú

Flýtileiðakerfi

Markmiðið er að draga úr óþarfa umsýslu og nýta gögn betur

Sérstök flýtileið fyrir ákveðnar greiningar, aðgerðir og aðstæður.

Fjöldi meðferðarskipta í flýtileiðum verður endurmetinn eftir því sem gögn og reynsla safnast.

Markmiðið er að minnka sóun og að vinnutími sjúkraþjálfara sé sem best nýttur til þess að veita meðferð til skjólstæðinga.

Góð skráning → betri gögn → betri yfirsýn

Tækifæri til þróunar

Flýtileiðakerfi

Listi yfir greiningar sem innleiddar verða í flýtileiðum í upphafi breytinga

- Liðskipti í mjöðm
- Liðskipti í hné
- Liðskipti í öxl
- Axlarklemmu aðgerð
- Rotator cuff aðgerð
- Krossbanda aðgerð
- Krossbönd – ekki aðgerð
- Beinbrot (skrúfur/plötur)
- Beinbrot (án aðgerðar)
- Brjósklos með brottfallseinkenni
- Hálshnykksáverki
- Höfuðhögg með heilahristingseinkennum
- Veruleg færniskerðing – 75 ára +
- Bjúgmeðferð eftir krabbameinsmeðferð
- Seinkaður hreyfiþroski barna
- Afleiðing nýlegra veikinda / slysa með verulegri færniskerðingu t.d. krabbamein, löng sjúkrahúslega, heilablóðfall, fjöláverki eftir slys

Ef áætlaður skiptafjöldi dugar ekki verður áfram hægt að sækja um viðbótarmeðferðarskipti

Innleiðingin – hvað þurfum við að gera?

Breytingin tekur gildi 12. október 2026

Undirbúa kerfin	Fylgjast með leiðbeiningum og tæknilegum útfærslum þegar þær liggja fyrir.
Tileinka sér skráninguna	Gæta þess að ICD-greining, ástæða meðferðar og tegund þjálfunar séu skráðar tímanlega.
Nýta flýtileiðir rétt	Kynna sér hvaða greiningar/aðstæður falla undir flýtileiðakerfið.
Miðla reynslu	Koma ábendingum og upplýsingum um hnökra til notendaþjónustu GAGNA og/eða félagsins.

Félagið fylgist með framkvæmdinni og vinnur áfram að úrbótum á fyrirkomulaginu.

Takk fyrir